


# Félagsmenn LÍ athugið!

Félagatal lækna á vefsíðu LÍ [www.lis.is](http://www.lis.is) geymir upplýsingar um netföng, símanúmer, heimilisföng og vinnustaði allra íslenskra lækna. Þessar upplýsingar eru notaðar reglulega til útsendinga á mikilvægum tilkynningum og fleiru sem varðar alla lækna. Árleg punktaúthlutun orlofsvefsins byggir á þeirri reglu að aðeins læknar búsettir á Íslandi fái punkta og fer því eftir upplýsingum í félagatali. Auk þess er reglulega látið vita af lausum orlofskostum í gegnum póstlista vefsins en sá byggir einnig á upplýsingum í félagatali.

Í núverandi félagatali vantar netföng um 520 félagsmanna og skv. endursendum tölvupóstum virðast fjölmargir hafa röng netföng skráð. Viðkomandi eiga því á hættu að missa af mikilvægum tilkynningum hvort sem er frá skrifstofu LÍ, sérgreinafélögum eða jafnvel kollegum sjálfum.

Hér með er vakin athygli á mikilvægi þess að læknar uppfæri reglulega upplýsingar sínar á vefsíðunni. Félagsmenn geta gert það sjálfir á



vefnum undir 'Persónustillingar'. Þetta er bæði auðvelt og fljótlegt í framkvæmd. Auk þess að breyta áður nefndum upplýsingum geta félagsmenn sjálfir vistað af sér mynd og skrifað 'curriculum vitae'.

*Ritnefnd heimasíðu Læknafélags Íslands*

## Undirritaðir læknar hafa óskað eftir birtingu þessarar tilkynningar. Hvað er CIME?

CIME (Certified Independent Medical Examiner) er viðurkenning sem læknar með sérfræðiviðurkenningu í læknisfræði hljóta eftir að hafa lokið prófi bandarísku læknasamtakanna (AMA) í örorkumati.

Sérfræðingar, sem teljast hafa nægilega reynslu í sinni sérgrein, að mati ABIME (nefnd á vegum bandarísku læknasamtakanna, American Board of Independent Medical Examiners) ljúka námskeiði og svo prófi í reglum AMA í læknisfræðilegu örorkumati (impairment evaluation) til að öðlast þessi réttindi.

Námskeiðið fjallar um reglur og framkvæmd læknisfræðilegs örorkumats og er m.a. fjallað ítarlega um orsakatengsl, sennilega afleiðingu, notkun miskatafla og annað sem varða framkvæmd slíks örorkumats. Það sem á ensku er kallað impairment er mjög sambærilegt við það sem hér

á landi er kallað læknisfræðileg örorka og í skaðabótalögum er kallað miski. Í Bandaríkjunum eru eingöngu þeir læknar, sem lokið hafa þessu námi, viðurkenndir af aðilum máls og dómstólum, til að framkvæma læknisfræðilegt mat á örorku vegna sjúkdóma og slysa. Réttindi þessi gilda í 5 ár eftir prófið, en síðan þarf að endurtaka prófið eða taka námskeið og fara eftir reglum um endurmenntun á þessum tíma, til að viðhalda réttindunum.

Eftirtaldir íslenskir læknar hafa lokið CIME prófi.

Guðmundur Björnsson endurhæfingarlæknir  
Guðni Arinbjarnar bæklunarskurðlæknir  
Magnús Páll Albertsson bæklunar- og handarskurðlæknir  
Ragnar Jónson bæklunarskurðlæknir  
Sigurður Thorlacius heila- og taugalæknir